

N

afstöðumynd
1 : 500

Sampykkt
11 JULI 2012

Upprunalegur hönnuður: Batterlið ehf.

BYGGINGARLÝSING, BJÖRGUNARMIÐSTÖÐ HAFNARFJARÐAR
HVALEYRARBRAUT 32, 221 HAFNARFIRÐI

Helstu stæðir:

Brúttó flatarmál:	1.985,9 m2
Brúttó rúmmál:	9.861,0 m2
Stærð lóðar:	5.865 m2
Nýtingarhlutfall:	0,33

Starfsemi
Húsið er á tveimur hæðum. Á 1. hæð eru verkstæði / tækjageymslur fyrir landflokk og sjóflokk ásamt flugeldageymslu og búningsherbergjum.
Á 2. hæð er búningsaðstaða, salerni og kaffistofa. Á 3. hæð er veislusalur með eldhúsi sem og aðsetur flokkanna og samnýttur fundarsalur (betri stofa). Gengið beint inn frá Hvaleyrarbraut á 3. hæðina. Lyfta er í húsinu sem gengur á allar hæðir.

Lóð og bilastæði
Bilastæði á lóð eru 59 þar af tvö stæði fyrir hreyfihamlaða.
Svæði við hús verða hellulögð og malbikuð. Lögð verður áhersla á að halda náttúrulegu yfirborði þar sem því verður viðkomið. Aðkoma fyrir sorp-, slökkvi- og sjúkrabíla verður aðgengilegt.

Gólfplata og sökklar
Gólfplata og sökklar eru einangraðir með 75 mm steinull.

Burðarvirki
Veggir, gólf- og milliplata eru staðsteypt.

Útveggir
Útveggir eru einangraðir að utan með 100 mm steinullarveggplötum.
Útveggir eru klæddir með báraðri álklæðningu á álleiðarkerfi og hluti húsins (innskot) er klæddur með láréttri viðarklæðningu. Litur á álklæðningu er RAL 9010.

Þak
Þak er EI 30 M. Þakhalli er, ca 6°
Þakið er byggt upp á eftirfarandi máta:
Tvö lög af þakpappa - yfir og undirpappi - soðinn á samskeytum. ATH - Þakpappi skal vera í flokki T
25x150 mm þéttklædd borðaklæðning
ATH. 22x500 mm VL grenikrossviður klæddur í stað borðaklæðn. á úthring þaks
50 mm loftbil milli klæðningar og einangrunar
48x223 og 39x260 mm þakásar c/c 600 mm
45x95 mm lektur þvert á sperrur á miðþaki húss
200 mm þakull milli ásta
Rakavarnarlag - 45 mm loftagrind og loftaklæðning

Innbyggðar svalir
Gólf þaksvala er staðsteypt með vatnshalla min 1:50. Ofan á svalir kemur vatnsþéttilag, einangun ásamt sand og hellum.

Útihurðir og gluggar
Gluggar og útihurðir eru álí-tré gluggar með tvöföldu einangrunargleri, stærri gluggaeiningar eru úr áli.
Bílskúrshurðir verða úr áli.
Litur er dökkgrár

Innveggir og frágangur lofta
Allir innveggir eru tvöfaldir gifsveggir á álblikk grind, sandspartlaðir og málaðir.
Staðsteyptir veggir eru holufylltir, sandspartlaðir og málaðir.
Staðsteypt loft eru holufylt, sandspörtluð og máluð.

Gólf
Öll gólf eru staðsteypt með llögn, að undanskildum gólfum í land/sjóflokki og geymslurýmum þar eru gólfin vélslípuð.

Upphitun
Húsið er upphitað með gólfhitakerfi
Upphitun í land/sjóflokki og rýmum tengdum er sambland af gólfhitakerfi og blásarakerfi

Loftræsing
Gert ráð fyrir vélrænni loftræstingu og náttúrulegri loftræstingu í skrifstofum og öðrum rýmum þar sem því verður komið við.

Lagnaleiðir
Allar neysluvatnslagnir verða lagðar sem rör í rör (PVC) undir steypta gólfplötu og uppí steypta útveggi eða milliveggi þar sem það á við.

Kólnunartölur
Heildarleiðnitap byggingar verður innan marka Byggingarreglugerðar.
Hámark U-gildi byggingarhluta verður í samræmi við töflu í gr. 180.3 í byggingarreglugerð

BJÖRGUNARMIÐSTÖÐ HAFNARFJARÐAR
BRUNAVARNARLÝSING Á AÐALUPPDRÁTT - bh02

Brunavarnir eru skv. brunahönnun Eflu, dags. 17. sept 2010

Brunahólfun
Byggingin er öll í einni brunasamstæðu.
Brunahólfun er skv. teikningum, almennt með EI 60 veggjum, REI 60 hæðaskilum og EI2 30-CSm hurðum nema annað sé sýnt.

Burðarvirki
Burðarvirki lóðréttra burðarvirkja á 1. hæð verður R 90. Brunamótstaða annarra lóðréttra burðarvirkja og þaks verður R 60.
Burðarvirki stiga verða A-R30.
Burðarvirki svala verða R 60.
Hæðaskil verða REI 60.

Klæðningar
Klæðningar lofta og veggja verða í flokki 1.
Gólfefni í flokki G.

Útveggir og þök
Þakklæðning er í flokki T. Útveggir eru steyptir og klæddir báruðu áli. Notuð er óbrennanleg einangrun undir útveggja- og þakklæðningar.

Flóttaleiðir
Flóttaleiðir skv. teikningu. Hurðir í flóttaleið skal vera hægt að opna í flóttaátt (innan frá) án lykils eða verkfæra.
Hurðir í flóttaleiðum að og frá stigahúsi skulu hafa neyðarhún skv. ÍST EN 179. Einnig dyr að og frá austursal á 3. hæð.
Hurðir í flóttaleiðum frá sal skulu hafa panikslá skv. ÍST EN 1125, einnig ytri hurð í aðalinngangi.

Slökkvikerfi
Sjálfvirkt froðuslökkvikerfi verður í eldhúsi.

Brunaviðvörunarkerfi
Í allri byggingunni er brunaviðvörunarkerfi samkvæmt reglum Brunamálastofnunar og ÍST EN54. Stjórnstöð kerfisins er í aðalanddyri á 3. hæð. Útstöð er í anddyri á 1. hæð.

ÚT-ljós og neyðarlýsing
Skv. ÍST EN 1838 og ÍST EN 50172.

Handslökkvibúnaður
Brunaslöngur skv. teikningu. Handslökkvitæki staðsett nálægt slöngukeflum í samráði við slökkvilið.

Loftræsikerfi
Loftinnblástur skal stöðvast og bruna- og reyklokur loka við reykboð frá loftinntaki eða brunaviðvörunarkerfi.

Flugeldasala
Um áramót mun fara fram flugeldasala í bílageymslurými landflokks.
Í norðvesturhorni rýmisins verður sett upp afgreiðsla flugeldasölu og tvær flóttaleiðir eru þaðan beint út. Aftan við afgreiðsluborðið verður hillurekki með söluvörunum. Lokað verður fyrir umgang frá þessu rými yfir í stigaganginn og geymslurýmið. Einnig verður lokað fyrir umgang að kaffistofu á millihæðinni á meðan á flugeldasölu stendur.

Öll mál eru í mm. Mælið ekki af teikningum. Öll mál athuguð á staðnum. Óskamvæmi í teikningum og valfatriði skal tilkynna arkitektum strax.

Tölvuskrá: V:\Verk\2008\0607_Björgunarsveit Hafnarfjarðar\Teikningar\REVIT_Björgunarmiðstöðin-Br.rvt

2	ÚTB 04.07.2012	JBE	Byggingarlýsing lagfæringar á breytingum		
1	ÚTB 17.09.2010	JBE	Byggingin minnkar um 343,1 m2, brunahönnun uppfærð		
0	ÚTB 14.05.2008		FRUMÚTGÁFA f. byggingarnefnd		
B	DBV				
A	ÚTR				
Útg.Tilv.	Dags	Teikn.	Skýring / Breyting	Samþ.vk.	Dags

Flokkur ÚTR: Uppdráttur - ÚT: Útgáfa verkaupa - UT: Útgáfa í verkferlum
Útgáfuár/Áfangaheiti - Á: Áfangaheiti

BJÖRGUNARMIÐSTÖÐ HAFNARFJARÐAR
VERKKAUPI / EIGANDI

Aðsetur Björgunarsveitar Hafnarfjarðar
TEGUND VERKS

HVALEYRARBRAUT 32
GATA/STAÐSETNING

Aðaluppdráttur
Afstöðumynd
Byggingalýsing

LANDNÚMER:	121120
STAÐGR.:	1400-1-44200320
MHL:	01
MKV.:	1 : 500
BLAÐSTÆRÐ:	A1
ÚTGÁFA DAGS:	04.07.2012
STOFN DAGS:	02.05.2008
TEIKNAÐ:	AGE/AEG
YFIRFARIÐ:	Checker

0607 – 07 – 0 – A – **(99)** – **301** – **2**
VERKNR. MAPPA SVIÐ/I ÁÞYRGÐ SFB.NR RAÐNR. ÚTGÁFA

Jón Ólafur Ólafsson FAÍ
kt: 090658-4099

Sigurður Einarsson FAÍ
kt: 110457-2789

Sigurður Harðarson FAÍ
kt: 030448-3999

BATTERIÐ | ARKITEKTAR
Trönuhrauni 1 | 220 Hafnarfirði | S: 54 54 700 | batteri@arkitekt.is | www.arkitekt.is

© BATTERIÐ | ARKITEKTAR
ÖLL AFNOT OG AFRITUN TEIKNINGAR ÁÐ HLUTA EÐA Í HEILD ER HÁÐ SKRIFLEGU LEYFI HÖFUNDA